

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, Vatnsendahlíð í Kópavogi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. september 2008 staðfest breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að byggðasvæði 16 (Kópavogur austur) stækkar til suðurs. Innan svæðisins breytist 49 ha óbyggt svæði í byggðareiti fyrir blandaða byggð þar sem gert er ráð fyrir um 740 íbúðum og um 15.000 m² atvinnuhúsnæði. Mörk „Græna trefilsins“ breytast þannig að 18 ha svæði breytist í byggðasvæði en við bætist nýtt 19 ha svæði austan við Rjúpnahæð.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfísráðuneytinu, 17. september 2008.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 1. október 2008